

## Gjaldskrá fyrir vatnsveitu í Seyðisfjarðarkaupstað

### 1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja í eigu sveitarfélagsins skal greiða vatnsgjald árlega.

### 2. gr.

Árlegt vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 skal vera:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,320% af fasteignamati. Vegna eigna skv. b og c -liðar 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,445% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

### 3. gr.

Aukavatnsskattur sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

A) Þegar notkun vatns er mæld samkvæmt mæli í rúmmetrum skal greiða kr. 39 pr. m<sup>3</sup>.

B) Vatn til skipa kr. 335 pr. m<sup>3</sup>. Lágmarksgjald kr. 3.779.

C) Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsgjald sem hér segir:

Af hverri tunnu af uppsaltaðri síld kr. 48.

Af hverri smálest fiska lagðri upp í bræðslu kr. 102.

Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðarafurða svo og saltfiski kr. 135.

D) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvottar á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölu skal greiða kr. 40.211 fyrir vatnsnotkun hvern ársfjórðung.

#### **4. gr.**

##### Mælaleiga fyrir:

Upp að 40 mm mælir kr. 5.287 á ári.

40-49 mm mælir kr. 6.747 á ári.

50-74 mm mælir kr. 9.411 á ári

75-99 mm mælir kr. 14.795 á ári

100 mm og stærri mælir kr. 22.848 á ári

#### **5. gr.**

Aukavatnsgjald samkvæmt 2. og 3. grein er innheimt ársfjórðungslega eftir á.

#### **6. gr.**

##### Gjald fyrir lagningu heimæðar frá götuæð í stofnkрана húss og uppsetningu hans skal vera:

Fyrir hús allt að 400m<sup>3</sup> kr. 195.474.

Fyrir hverja 10m<sup>3</sup> umfram 400 m<sup>3</sup> kr. 3.676.

#### **7. gr.**

Heimilt er bæjarstjórn / veitustjórn að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotenda.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og samþykkt af bæjarstjórn 11. desember 2019 og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar sem samþykkt var af bæjarstjórn Seyðisfjarðar þann 12. desember 2018.